

## **Héraðsfundur Austurlandsprófastsdæmis**

### **Kirkjumiðstöðinni á Eiðum 24.apríl 2022 kl. 11-17**

Vinsamlegast fyllið inn í eftir því sem við á í stuttu máli.

#### **Starfssemi í: \_\_\_ Reyðarfjarðarsókn**

**Hefðbundið helgihald**(Eitthvað sérstakt sem ástæða er til að taka fram): Gott væri að fá fram hvernig helgihald og safnaðarstarf gekk með tilliti til heimsfaraldurs og sóttvarnartakmarkanna, líka það sem ekki gekk (Það eru gagnlegar upplýsingar fyrir okkur)

Helgihald hefur gengið vel, því miður þurfti að fresta einni messu þegar covid smit kom upp á messudeginum. Þegar ekki hefur verið hægt að hafa opið helgihald hefur verið messað í streymi. Við höfum dregið ákveðinn lærdóm af faraldrinum og m.a. fest kaup á streymisbúnaði sem mun án efa nýtast í framhaldinu.

#### **Kórastarf:**

Kórstarfið í sókninni er með miklum ágætum. Dillý organisti hefur veg og vanda af kórstarfinu.

#### **Barna- og æskulýðsstarf:**

Barna- og æskulýðsstarf í sókninni er blómlegt. Í sunnudagaskólann mætir fastur kjarni og er mæting yfirleitt með ágætum.

TTT starfið er í góðum farvegi, virkilega hress og skemmtilegur hópur sem yfirleitt er a.m.k tvo tíma í hvert skipti í kirkjunni. Mætir snemma og er ekki á hraðferð heim eftir stundirnar. Góð þátttaka er í TTT móti á Eiðum núna í lok apríl.

Unglingastarfið hefur aðeins liðið fyrir heimsfaraldurinn. Í ljósi þess að ekki var hægt að halda starfinu reglulega á tímabili kvarnaðist aðeins úr hópnum. Það hefur hins vegar verið að myndast hópur aftur og mættu nokkur ungmenni úr kirkjunni á landshlutamót í Neskaupstað. Eins fóru flottir fulltrúar í leiðtogaskólann frá sókninni.

Fermingarstarfið gengur vel og eru krakkarnir duglegir að taka þátt í messum og sunnudagaskóla.

#### **Starfsfólk í kirkjustarfi:**

Reyðarfjarðarkirkja hefur alið upp nokkra góða leiðtoga sem starfa í sumarbúðum og kirkjumótum. Halda góðum tengslum við kirkjuna sína jafnvel þótt sum séu flutt á Egilsstaði (vegna náms) eða suður. Starfsfólk í sunnudagaskóla eins og Sigurbjörg okkar er frábært. Leiðtogar mæta með gítarinn og góða skapið.

Björn formaður sóknarnefndar hugsar vel um kirkjuna og aðrir meðlimir sóknarnefndar, Karen og Vilbergur er jákvæð og hjálpleg í öllu starfi.

Jón Kristinn meðhjálpari er líka sannarlega betri en enginn, alltaf tilbúinn að leggja kirkjunni sinni lið.

Þórunn Halldórsdóttir sjálfboðaliði R.K.Í.

**Annað, en hefðbundið helgihald**(s.s. Biblíulestrar, tólf spora starf):

Sorgarhópar hafa verið í sókninni í samstarfi við aðrar sóknir á fjörðunum.

Erindi um sorg var haldið núna í apríl sem var vel sótt og góð tenging við sorgarhópana.

Kallað er eftir fleiri slíkum viðburðum. Gestur hafði orð á því að óttast hafi verið um slíka aðstoð í sorgarferlinu við brotthvarf sr. Erlu. Því var þakkað fyrir slíka stund og treyst á að prestakallið haldi þessari góðu vinnu áfram.

Sorgarkaffi var vikulega fyrir áramót og mæltist vel fyrir. Eins komst á góð samvinna við slökkvi og sjúkraflutninga þar sem sr. Erla fór reglulega og ræddi við starfsfólk eftir erfið mál og flutti fræðsluerindi tengt viðbrögðum aðstandenda við alvarleg áföll og endurheimt og mikilvægi þess að starfsfólk hugi að andlegri heilsu sinni og hvíld í starfi. Jólasjóðurinn og samstarf sr. Erlu og Þórunnar var frábært og við fengum heilmikla styrki inn frá fyrirtækjum.

Auk þess voru heimsóknir aðra hverja viku á Hulduhlíð og Sjúkradeild HSA.

**Sérstakir kirkjulegir viðburðir**(utan hefðbundinnar þjónustu, s.s. kirkjuafmæli, vísitásiur eða annað):

**Viðhald á kirkjuhúsi/safnaðarheimili**(sérstakar framkvæmdir utan hefðbundins reksturs):

**Kaup á nýjum munum eða gjafir til helgihalds** (s.s vegna streymis):

**Kirkjugarður/ar**(framkvæmdir, aðrar en venjubundin hirðing):

**Sóknarnefnd:**

<b>Nafn</b>	<b>Heimilisfang</b>	<b>Sími</b>	<b>Netfang</b>
Björn Egilsson form	-	egilsson@simnet.is	8942256
Vilbergur Hjaltason	gjaldkeri	8921921	
Karen Auðbjörg Kjartansdóttir	ritari	<a href="mailto:sekkur@simnet.is">sekkur@simnet.is</a>	8937840
Jón Kristinn Arngrímsson		8955153	
Ólafur Gunnarsson			
Dóra Sólrún Kristinsdóttir	varamaður		

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---